

Hönnunarsamkeppni um minjagrip fyrir Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir keppni um hönnun minjagrips fyrir Reykjavíkurborg

Keppnin er öllum opin og felst í því að hanna nýjan og einkennandi minjagrip fyrir Reykjavíkurborg. Verðlaunatillagan skal endurspeglar vörumerki Reykjavíkurborgar, Reykjavík - Pure Energy. Vörumerkið vísar til þeirrar hreinu orku sem sem Reykjavík býr yfir í fleiri en einni merkingu: í náttúrunni, vatninu, menningunni og sköpunarkraftinum. Minjagripurinn verður einkennisgripur Reykjavíkurborgar, seldur víða í borginni.

Verðlaunahafi hlýtur **600.000** kr. verðlaun.

Dómnefnd

Áslaug Friðriksdóttir, formaður Menningar og ferðamálaráðs
Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu
Guðrún Erla Geirsdóttir, Menningar og ferðamálaráð
Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAÍ
Tinna Gunnarsdóttir, iðnhönnuður
Hörður Lárusson, grafískur hönnuður FÍT
Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar

Framleiðsla og sala: Verðlaunahönnuður sér sjálfur um fullvinnslu, framleiðslu og dreifingu á þeirri vöru sem verður fyrir valinu, eða finnur fyrirtæki til að gera það fyrir sig. Í umsókninni þarf að gera grein fyrir framleiðsluferlinu. Hanna þarf vöruna þannig að hún sé tilbúin í umbúðum til smásölu. Verð minjagripsins í smásölu má ekki vera meira en 10.000 kr. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að kaupa 200 eintök af verðlaunavörunni á heildsöluverði.

Umsóknarferli: Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni til Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Vornarstræti 4b, 101 Reykjavík, fyrir kl. 17.00, föstudaginn 15. febrúar 2010. Í umslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit (hámark 3 síður). Tillögur skulu einnig fylgja með á diskum með pdf skjölum. Úrslit samkeppninnar verða kynnt á HönnunarMars 2010 en sýning á völdum innsendingum fer fram á sama tíma.